

Sálfræðiþing 2026 - VEGGSPJALDAKYNNING

V-1 Lærum að leika: Starfsfólki kenndar aðferðir til að byggja samband við nemendur

Helgi Axel Davíðsson ^{1,2}

Atli Freyr Magnússon ², Zuilma Gabriela Sigurðardóttir ¹

¹ Háskóli Íslands Reykjavík

² Arnarskóli Kópavogur

Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif samtengingar (*e. pairing*) á samband (*e. rapport*) milli starfsfólks og barna með sérþarfir. Skoðað var hvort hægt væri að kenna starfsfólki færniþætti samtengingar með talsettri myndbandssýnikennslu ásamt endurgjöf á frammistöðu. Í rannsókninni var einnig metið hvort beiting samtengingar hefði áhrif á hegðun nemenda, þ.e. hvort þeir sýndu frekar merki um að vera glaðir, afslappaðir og virkir, auk meiri samræmdrar þátttöku (*e. joint engagement*) í leik. Áhrif íhlutunar var metið með margföldu grunnskeiðssniði yfir færniþætti (*e. multiple baseline design across behaviors*) með þremur þörum, samsett af starfsmanni og nemanda.

Niðurstöður sýndu að talsett myndbandssýnikennsla og endurgjöf var áhrifarík leið til að kenna starfsfólki færniþætti samtengingar sem er í samræmi við fyrri rannsóknir. Þjálfunin leiddi til aukinna merkja um virkni hjá einum þátttakanda auk meiri samræmdrar þátttöku hjá tveimur þörum. Eftirfylgnimælingar á hegðun nemenda reyndust hins vegar allar mjög háar sem kann að benda til þess að lengra mælingartímabil sé nauðsynlegt til að greina klínískt marktækar breytingar á líðan nemenda. Slíkt mynstur endurspeglar hvernig samband þróast með tímanum í gegnum endurtekin jákvæð samskipti.

V-2 Áhrif stuðningsáætlunar með Beanfee táknstyrkjakerfi á námsástundun, líðan og skólasókn nemenda í 9. bekk með skólaforðun

Svandís Hjartardóttir ¹

Lilja Ýr Halldórsdóttir ², Anna Lind Pétursdóttir ³

¹ Skarðshlíðarskóli Hafnarfjörður

² Norðurmiðstöð Reykjavík

³ Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif einstaklingsmiðaðrar stuðningsáætlunar með Beanfee táknstyrkjakerfi og ráðgjöf til forráðamanna á lengd námsástundunar, líðan og skólasókn þriggja nemenda í níunda bekk með skólaforðun. Beanfee er táknstyrkjakerfi sett upp í snjalltæki sem styðst við aðferðir hagnýtrar atferlisgreiningar og sem hannað var og þróað á Íslandi. Skólasókn var metin út frá skráðri mætingu í Mentor. Líðan var metin með daglegu sjálfsmati innan Beanfee, Tilfinningalistanum (RCADS) og Skólaforðunarlistanum (SRAS-R). Margfalt grunnskeiðssnið með stikkprufusniði sýndi jákvæð áhrif inngrips á námsástundun, sem jókst verulega hjá tveimur þátttakendum eða um 78% og 75%, og lítilega hjá einum eða um 10,3%. Sjálfsmat tveggja þátttakenda á líðan hækkaði um 15% og 66,6% eftir inngrip, en hélst nánast óbreytt hjá þeim þriðja. Mat á líðan með Tilfinningalistanum (RCADS) benti til minni einkenna kvíða og þunglyndis hjá öllum þátttakendum. Einnig dró úr styrk skólaforðunar samkvæmt niðurstöðum Skólaforðunarlistans (SRAS-R). Skólasókn jókst lítilega hjá einum þátttakanda, en versnaði hjá hinum tveimur. Fjallað verður lítilega um mögulegar utanaðkomandi breytur sem gætu hafa haft neikvæð áhrif á skólasóknina. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að inngrip rannsóknarinnar geti haft jákvæð áhrif á námsástundun og líðan ungmenna með skólaforðun. Niðurstöður voru hins vegar óljósar þegar kemur að áhrifum inngrips á skólasókn og er þörf á nánari rannsóknum á því sviði.

V-3 The impact of a behavioral intervention on parenting skills: Objective assessment of parenting skills using the GAPS checklist

Tara Kristín Kjartansdóttir ¹

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir ²

¹ Suðurmiðstöð

² Háskóli Íslands

Inngangur

Í gegnum tíðina hafa viðhorf og venjur samfélagsins haft áhrif á uppeldisaðferðir og aðstæður barna. Vanræksla og ofbeldi fyrstu æviárin geta haft gífurlega mikil áhrif á lífsgæði barna. Foreldrafærni skiptir lykilmáli þegar litið er til aðlögunarfærni barna og hvernig þeim vegnar í framtíðinni. Slök foreldrafærni getur haft slæmar afleiðingar, bæði þegar litið er til lengri og skemmri tíma (Taylor, Eisenberg og Spinrad, 2013).

Efniviður og aðferðir

Tilgangur þessarar rannsóknar var að prófa erlenda matslistann „Global assessment of parenting skills“ eða GAPS, sem var hannaður af Project 12-Ways til að meta foreldrafærni og samskipti á hlutlægan hátt í tengslum við rúttínur (Guastafarro og Lutzker, 2021). Listinn var þýddur af Svanhildi Ólöfu Sigurðardóttur (2021) og nefndur „Almennt mat á foreldrafærni“ og er þetta fyrsta rannsóknin á notkun matslistans hér á landi.

Fjölskyldan sem tók þátt í rannsókninni er íslensk og á sögu um vanrækslu barna sinna. Aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar var beitt við innleiðingu inngrips sem fól meðal annars í sér skýr fyrirmæli, sýnikennslu, hlutverkaleik, leiðbeiningar og hrós. Margfalt grunnskeiðssnið milli rúttína var notað til þess að mæla árangur inngripsins. GAPS matslistinn var notaður til þess að mæla foreldrafærni í tengslum við rúttínur á öllum tilraunaskiðum. Inngrip var innleitt í þremur rúttínum.

Niðurstöður og ályktun

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að atferlishlutun og notkun GAPS matslistans geta aukið foreldrafærni í tengslum við rúttínur og samskipti.

Foreldrafærni jókst í öllum rúttínum og viðhélst yfir tíma. Einnig sýndi mat á félagslegu réttmæti að þátttakanda fannst inngripið vera áhrifaríkt og gagnast fjölskyldunni vel.

V-4 General assessment of parenting skills and routines using the GAPS skills checklist: behavioral intervention with one family

Helena Hafdís Víðisdóttir ¹

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir ²

¹ Njarðvíkurskóli Reykjanesbær

² Háskóli Íslands Reykjavík

This study aimed to examine whether the General Assessment of Parenting Skills (GAPS) and practical behavioral analysis methods could be used to improve one parent's skills in improving routines and communication with their child. Designed by Project 12-Ways in the United States, the GAPS skill list measures objectively routines and interactions within the family. The family that participated in this study was enrolled with the support service Keðjan in Reykjavík as they faced challenges relating to their child's undesirable behavior and lack of routine. A behavioral intervention was used to improve the participant's ability to establish three routines and improve interaction with her child. Multiple baseline design across routines were used to measure the effectiveness of the intervention. The results of this study show that the GAPS skill list and behavioral analysis methods can be used to improve family routines and strengthen parent-child interaction. Success was measurable in two routines and maintained over the study period.

V-5 Áhrif þjálfunar með Beanfee á persónulegt hreinlæti fullorðinna einstaklinga með þroskafrávik

Lilja Kristinsdóttir ¹

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir ², Helgi S. Karlsson ³

¹ Mýrarhúsaskóli Seltjarnarnes

² Háskóli Íslands

³ Hafnarfjarðarbær

Inngangur

Í þessari rannsókn var unnið að því að auka færni í persónulegu hreinlæti tveggja einstaklinga með þroskafrávik, búsettum á íbúðakjarna, með Beanfee hvatningarkerfi og myndbandssýnikennslu byggða á verkgreiningu. Í þeim tilfellum sem ekki þurfti að kenna færni, var myndbandssýnikennsla ekki notuð.

Efniviður og aðferðir

Markhegðun var valin í samráði við starfsfólk, aðstandendur og þátttakendur sjálfa, eftir atvikum. Unnið var með tannburstun og handþvott hjá báðum þátttakendum. Hjá þátttakanda 1 var jafnframt unnið með þá hegðun að skipta um bol og hjá þátttakanda 2 að bera exemkrem í andlit. Margfalt grunnskeiðsnið yfir hegðun var notað til að meta áhrif íhlutunar.

Niðurstöður

Íhlutun bar árangur hjá þátttakanda 1 í allri markhegðun, þátttakandi náði 100% færni í handþvotti, hann framkvæmdi allt að 96,15% skrefa í tannburstun rétt og skipti um bol í nær öllum mælingum á íhlutunarskeiði. Íhlutun bar einnig árangur hjá þátttakanda 2 í allri markhegðun, hann náði 100% færni í tannburstun, framkvæmdi öll skref í handþvotti og náði 100% færni í þeirri hegðun að bera exemkrem í andlit.

Ályktun

Niðurstöður benda til þess að Beanfee hafi verið gagnlegt í vinnu með fullorðnum einstaklingum með þroskafrávik í að auka færni þeirra í persónulegu hreinlæti. Fyrri rannsóknir hafa eingöngu snúið að börnum og unglingum, ekki hefur verið gerð rannsókn þar sem Beanfee var notað til þess að kenna færni út frá verkgreiningu. Niðurstöður sýndu fram á jákvæð áhrif þjálfunar með Beanfee á persónulegt hreinlæti fullorðinna einstaklinga með þroskafrávik.

V-6 Heilahristingur meðal almennings: Algengi metið með sjálfsmati með og án skilgreiningar á heilahristingi

María K Jónsdóttir ¹

Ingunn Unnsteinsdóttir Kristensen ¹, Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ², Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen ², Margrét Vignisdóttir ³, Ásdís Ólafsdóttir ², Hafrún Kristjánsdóttir ¹

¹ Háskólinn í Reykjavík

² Landspítali Háskólasjúkrahús

³ Samskiptastöðin

Inngangur

Rannsóknir (t.d., Kristjánsdóttir et al., 2020) sýna ónóga þekkingu íþróttafólks á heilahristingum. Án skilgreiningar á heilahristingi telja 40,2% íþróttakvenna sig hafa fengið heilahristing en 64,8% eftir að hafa lesið skilgreiningu á heilahristingi (karlmenn 48,2% > 69,3%). Tæplega helmingur íþróttafólks leitar ekki til heilbrigðisstofnana eftir heilahristing svo faraldsfræðilegar upplýsingar eru ófullnægjandi. Sama gildir um heilahristinga sem eru ekki íþróttatengdir. Markmið okkar var að meta heilahristingsþekkingu meðal almennings með sömu aðferðafræði og hjá íþróttamönnum.

Efniviður og aðferðir

Þátttakendur voru 3178 (konur 42,2%), á aldrinum 18 til 65 ára; 54,56% (n=1176) stunduðu snertiíþróttir. Auk bakgrunns (t.d., aldur, menntun, kyn) var m.a. spurt um heilahristingssögu með og án skilgreiningar og hvort leitað hafi verið til læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns.

Niðurstöður

Af þeim þátttakendum sem höfðu ekki æft snertiíþróttir (n=1479) sögðust 59,5% hafa fengið heilahristing (eftir skilgreiningu) og sögðu karlar frá fleiri heilahristingum ($p < .001$). Fyrir hina (n=1776) var hlutfallið 68,8% ($\chi^2 = 30, p = .001$). Tæp 40% höfðu leitað til heilbrigðisstarfsmanns eftir heilahristings. Í heild jókst hlutfallið við lestur skilgreiningar úr 45% í 64,7%.

Ályktun

Vanþekking almennings er sú sama og hjá íþróttafólki og hækkar hlutfall þeirra sem segja frá heilahristingi eftir skilgreiningu jafn mikið. Heildaralgengi án tillits til íþróttaiðkunar mælist mun hærra en í sambærilegri erlendri rannsókn (55% vs. 28,9%) ($\chi^2 = 630.2, p < .001$) þar sem einnig var notuð skilgreining. Líkt og í fyrri rannsóknum leitar stórt hlutfall ekki læknisaðstoðar. Rannsóknin sýnir þann vanda sem felst í að greina heilahristing og mikilvægi þess að spyrja út frá skilgreiningu.

V-7 Félagsfærnikennsla barna á leikskólaaldri með sérþarfir

Kristín Klara Birgisdóttir ¹

¹ Háskóli Íslands Reykjavík

Inngangur

Rannsóknin snéri að því að skoða áhrif Preschool life skills (PLS) félagsfærnikennslu á félagsfærni og óæskilega hegðun barna með sérþarfir í íslenskum leikskólum. PLS er ætlað að koma í veg fyrir óæskilega hegðun með því að kenna börnum grundvallarfærni sem nauðsynleg er til þess að takast á við mismunandi félagslegar aðstæður. Markmið félagsfærnikennslunnar var að bæta félagsleg samskipti barnanna og undirbúa þau betur fyrir upphaf grunnskólagöngu.

Efniviður og aðferðir

Kenndir voru fjórir mismunandi flokkar færni, sem innihéldu samtals tíu félagsfærniþætti. Félagsfærni flokkarnir voru: 1) að fara eftir fyrirmælum; 2) hagnýt samskipti; 3) þol á töf fyrir athygli og 4) vináttufærni. Notuð var atferlismiðuð færniþjálfun sem fólst í leiðbeiningum, sýnikennslu, æfingum og endurgjöf á frammistöðu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort PLS gæti a) aukið félagsfærni barna með sérþarfir í íslenskum leikskólum, b) dregið úr óæskilegri hegðun þeirra og c) hvort hægt væri að gera það einugis með einstaklingskennslu. Þátttakendur voru tvö 5 ára gömul börn í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöður og ályktun

Niðurstöður sýna að báðir þátttakendur juku félagsfærni sína til muna og sú félagsfærni viðhélst hjá þeim báðum í nær öllum félagsfærniþáttum eftir að inngrip var fjarlægð. Tilvikum óæskilegrar hegðunar á inngripsskeiði hjá þátttakanda 1 fækkaði verulega samanborið við grunnskeið á þeim félagsfærniþáttum þar sem óæskileg hegðun kom fram. Tilvikum óæskilegrar hegðunar á inngripsskeiði hjá þátttakanda 2 fækkaði samanborið við grunnskeið á flestum félagsfærniþáttum þar sem óæskileg hegðun kom fram.